



Viljayfirlýsing um uppbyggingu í gamla bæjarkjarna Blönduóss

Sveitarstjórn Húnabyggðar og InfoCapital undirrita hér með viljayfirlýsingu um samstarf við uppbyggingu gamla bæjarkjarnans á Blönduósi.

Í eina tíð var gamli bærinn á Blönduósi þungamiðja þjónustu í alfaraleið. Þar mátti finna fjölbreytt mannlíf með allri þeirri þjónustu sem samfélag í blóma býður upp á. Þar voru verslanir, samkomuhús, apótek, sjúkrahús, kirkja, banki, bakarí og hótél svo lítið eitt sé nefnt. Þegar þjóðvegurinn var færður, færðist þjónustan með og eftir stóð gamli bærinn sem nokkurs konar minnisvarði um liðna tíð. Og þar stendur hann enn að stóru leyti ósnortinn. Perla sem er falin þeim fjölmörgu ferðamönnum sem eiga leið um héraðið og býr yfir menningarsögulegum fjársjóði með óþrjótandi möguleikum fyrir heimafólk og ferðaþjónustu, ef skynsamlega er staðið að skipulagi og uppbyggingu til framtíðar.

Á sínum tíma var unnin verndarstefna fyrir svæðið og er þar að finna ákveðinn grunn fyrir fyrirhugaða uppbyggingu.

Svæðinu tengist einnig Klifamýrin þar sem byggð kota og torfbæja myndaðist í kringum gamla bæjarkjarnann. Guðrún Jónsdóttir arkitekt, sem vann mikið af þeirri vinnu sem gerð var við skráningu húsa á svæðinu og verkefni sem tengdist verndarsvæði í byggð, gekk svo langt að kalla þetta svæði, þ.e. gamla bæinn og Klifamýrina, einstakt á heimsvísu og horfa þyrfti til þess þegar kæmi að uppbyggingu.

InfoCapital hefur þegar fest nokkrar byggingar á svæðinu (hótelið, tvær hæðir í Helgafelli og Pétursborg) og uppi eru hugmyndir um enn frekari fjárfestingar.

Þessu verkefni InfoCapital fylgja ákveðnir fyrirvarar sem snúa t.d. að verndun, lóðamálum, deili-skipulagi, lagna- og gatnamálum o.s.frv. Jafnframt er skilyrði að skýr framtíðarsýn svæðisins verði mynduð í samstarfi allra hagsmunaaðila á svæðinu. Vinna við gerð þessarar framtíðarsýnar er vinna sem farið verður í á næstu vikum.

Leitast verður til þess að vinna að uppbyggingu á svæðinu í góðu samstarfi og samráði við íbúa og aðra rekstraraðila á svæðinu svo að sómi verði af, samfélaginu öllu til heilla.

Aðilar þessarar viljayfirlýsingar eru fullir jákvæðni og tilhlökkunar að hefja þetta verkefni og hafa einlæga trú á að fægja megi þessa ómetanlegu perlu sem við geymum í miðju Blönduósbæjar.

Blönduós 1. september 2022

Fyrir hönd InfoCapital

Fyrir hönd Húnabyggðar
